

AUGLÝSING

um umferð á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að stöðubann verði við syðri kant Múlavegar frá Engjavegi að austustu innkeyrslu að bílastæði við Skautahöllina.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.
2. Að biðskylda verði á Sandvaði og Selvaði gagnvart umferð um Elliðabraut.
3. Að hámarkshraði á vegum í Heiðmörk verði 50 km/klst. Hraðatakörkunin gildir frá gatnamótum Heiðmerkurvegur og Suðurlandsvegur að sveitarfélagsmörkum við Garðabæ.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 8. apríl 2013.

Stefán Eiríksson.

B-deild – Útgáfud.: 19. apríl 2013